

## REGLUGERÐ

### um rækjuveiðar á Breiðafirði 2005.

#### 1. gr.

Á tímabilinu 11. maí til 30. júní 2005, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð þaðan út, heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan 65°10'N og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafsækjuafla skipsins.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. maí 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eypórsson.*